

Priðjudaginn 26. janúar 1971.

Nr. 222/1970. **Hjalti Kristgeirsson**
Hjörleifur Guttormsson og
Skúli Magnússon
 gegn
Heimdalli, F. U. S.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. desember 1970, sem barst Hæstarétti 16. s. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávisunardómi til Hæstaréttar. Krefjast sóknaraðiljar þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Svo krefjast þeir og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Mál þetta er í heild svo vanreifað, að staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. nóvember 1970.

1.0.

1.1 Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 28. maí 1964. Gagnasöfnun lauk í málinu 3. nóvember 1970. Fór þá fram munnlegur málflutningur, og var málið dómtekið að því loknu.

Stefnendur málsins eru Hjalti Kristgeirsson hagfræðingur, til heimilis að Bergstaðastræti 4, Reykjavík, Hjörleifur Guttormsson

líffræðingur, til heimilis að Mýrargötu 24, Neskaupstað, og Skúli Magnússon sýsluskrifari, Patreksfirði.

Stefndi er Styrmir Gunnarsson, þá formaður Heimdallar, f. h. Heimdallar, F. U. S., Valhöll, Suðurgötu 39, Reykjavík.

Stefnendur gera eftirfarandi dómkröfur á hendur stefnda í málinu.

- a. Að stefndi verði dæmdur til að greiða höfundarlaun samkvæmt 18. gr. laga nr. 13/1905, að fjárhæð kr. 150.000.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1963 til greiðsludags.
- b. Að stefndi verði dæmdur til að greiða miskabætur samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940, að fjárhæð kr. 50.000.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1963 til greiðsludags.
- c. Að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar samkvæmt 18. gr. laga nr. 13/1905 og samkvæmt 228., 229. og 234. gr. laga nr. 19/1940.
- d. Að upptæk verði gerð og ónýtt samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 13/1905 „öll þau eintök, sem til eru hér á landi, af ritinu „Rauða bókin“, leyniskýrslur SÍÁ. Skýrslurnar, sem Einar Olgeirsson krafðist, að yrðu brenndar“, sem út var gefin af Heimdalli, F. U. S., í maímánuði 1963, svo og áhöld þau, sem notuð voru við hina ólöglegu útgáfustarfsemi, svo sem mót, plötur og þess háttar.
- e. Að stefndi „sé dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans og forsendna, í öllum dagblöðum Reykjavíkur samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 12. febrúar 1940“.
- f. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati réttarins í samræmi við gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi gerði upphaflega kröfu um frávísun málsins frá dómi. Undir rekstri málsins féll hann þó frá þeirri kröfu.

Í efnishlið krefst stefndi sýknu af dómkröfum, en til vara, að fjárkröfur í stefnu verði lækkaðar. Enn fremur krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati réttarins.

Stefnendur hafa lýst því yfir hér fyrir rétti, að þeir muni skipta öllum tildæmdum fjárhæðum að jöfnu sín á milli.

Sáttir hafa verið reyndar í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1 Í stefnu segir frá málavöxtum á þá leið, að á árunum 1958—1961 hafi nokkrir íslenskir námsmenn erlendis skiptzt á

sendibréfum, þar á meðal hafi verið stefnendur máls þessa. Bréfin hafi verið samin sem alger einkabréf og eigi ætluð til birtingar opinberlega nema samkvæmt vilja og ákvörðun höfundanna sjálfra, ef til kæmi.

Allt í einu hafi borið svo við, að á tímabilinu 28. apríl—24. maí 1962 hafi farið að birtast kaflar úr bréfum þessum í Morgunblaðinu í Reykjavík. Telja stefnendur vafalaust, að bréfin hafi verið numin á brott úr hirzlum eins stefnandans með refsiverðum hætti og fengin Morgunblaðinu til birtingar. Næst hafi það gerzt, að í maímánuði 1963 hafi verið gefin út bók undir heitinu „Rauða bókin, leyniskýrslur SÍA. Skýrslurnar, sem Einar Olgeirsson krafðist, að yrðu brenndar“. Útgefandi hafi verið stefndi í máli þessu.

Hafi hér verið komin á prent ofangreind bréf stefnenda, en með ýmiss konar úrfellingum, athugasemdum og miður vinsamlegum skýringum. Hafi útgefandi látið gera formála og inngang að ritinu, skipta efninu í kafla, setja millifyrirsagnir o. fl.

Af skjölum málsins sést, að lögmaður stefnenda hefur sent stefnda kröfubréf, dags. 11. nóvember 1963, og kafið stefnda um höfundarlaun vegna framangreinds atferlis. Með bréfi, dags. 16. s. m., var þeirri kröfu vísað á hug.

Af skjölum málsins verður enn fremur ráðið, að stefnendur hafi með bréfi, dags. 27. maí 1964, til saksóknara ríkisins kært framangreint atferli. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Dagana 28. apríl til 24. maí 1962 tóku að birtast í Morgunblaðinu í Reykjavík ýmis einkabréf eða kaflar úr einkabréfum kæranda, sem voru við nám erlendis á árunum 1958—1961. Bréf þessi gaf félagið Heimdallur, F. U. S. í Reykjavík, út í bókarformi í maímánuði 1963, margvíslega brengluð og rangfærð, og telja skjólstæðingar mínir ekki orka tvímælis, að birting bréfanna hafi verið til þess ætluð að meiða æru þeirra og sverta þá í augum almennings, enda hér um að ræða meingerð gegn persónu þeirra, friði og æru, drýgða af illfýsi.

Skjólstæðingur minn, Skúli Magnússon, telur, að bréfum þeim, sem hér um ræðir, hafi verið stolið úr lokuðum trékassa, sem hann hafi haft í geymslu í rishæð hússins Víðihvammur 26, Kópavogi, sem er eign Magnúsar Magnússonar, bróður Skúla. Í sambandi við deilu þá, sem upp er komin á milli skjólstæðinga minna og Heimdallur, F. U. S., upplýsir Hjörtur Torfason, hdl., í bréfi til mín, dags. 16. nóvember s.l., að Heimdallur hafi fengið bréfin

hjá Morgunblaðinu. Þarf því að rannsaka, með hverjum hætti blaðið hefur komizt yfir þessi einkabréf“.

Opinber rannsókn fór fram út af greindu efni á árinu 1964. Af skjölum málsins verður eigi með vissu ráðið, hver niðurstaða þess máls hafi orðið, en með bréfi saksóknara ríkisins, dags. 17. apríl 1968, til lögmanns stefnenda segir m. a. á þessa leið: „Yfirheyrslur fóru fram í máli þessu í Reykjavík og Patreksfirði sumarið 1964, og barst endurrit þeirra hingað í október s. á. Með bréfi héðan, dags. 9. nóvember 1964, voru málsskjölin send sakadómi Reykjavíkur að nýju til áframhaldandi rannsóknar, en síðan hafa þau eigi borizt hingað. Hefur rannsóknarlögreglan tjáð mér, að eigi hafi reynzt unnt að upplýsa málið“.

2.2. Stefnandi Hjalti Kristgeirsson gaf aðiljaskýrslu hér fyrir dómi 28. september 1967. Hann skýrði svo frá, að félagsskapur hafi verið starfandi í ýmsum löndum, sem nefndi sig SÍA, og kvaðst hann hafa álitid sig vera í þeim félagsskap. Hann kvaðst hafa verið við nám í Búdapest í Ungverjalandi á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Hann minnti, að það hefði verið um veturinn 1958—1959, sem fram hefðu farið bréfaskipti milli hans og manna, bæði hér heima og annarra, er voru við nám erlendis. Þau bréf, sem hér skipti mestu máli, hafi farið milli sín og stefnanda Skúla Magnússonar, sem þá hafi verið í Peking. Efni þessara bréfa hafi verið í sendibréfaformi og um þannig málefni og í þeim stíl, að mjög auðvelt hafi verið að afflytja þau. Hann kvaðst hafa kynnt sér lauslega „Rauðu bókina“ og eftir þann lestur hafi hann haft það á tilfinningunni, að hér væri komið meginefni þeirra bréfa, sem hann hafi sent Skúla á sínum tíma. Bréfin til Skúla hafi verið rituð með algengu hugarfari stúdenta. Þess vegna sé í bréfum þessum alls kyns ummæli og orðalag og deilur og hugleiðingar, sem svo í raun sé enginn vilji til að standa við síðar. Taldi Hjalti birtingu bréfa þessara þeim mun vítaverðari, þar sem um alger einkamál hafi verið að ræða milli þeirra Skúla. Hann kvað bréf þessi, a. m. k. að einhverju leyti, hafa verið rituð með algengu hugarfari stúdenta um að reyna að bæta heiminn. Hafi þeim Skúla á þessum tíma ekki verið ljóst, að þeir mundu síðar taka ákvörðun um að birta bréfin innan viss hóps SÍA-manna. Í þessari aðiljaskýrslu kemur enn fremur fram, að Hjalti telur ekki einungis rétt á sér brotinn varðandi birtingu á umræddum bréfum til Skúla Magnússonar, þó að þau bréf séu mesta magnið og aðalatriðið, heldur telur hann, að brotinn hafi verið á sér réttur, að því er varðar fleiri

sendibréf. Hafi þau bréf verið rituð til ákveðinna manna innan félagsskaparins og hafi verið meira í upplýsingaformi. Hafi efni þeirra verið þannig, að þau mættu verða ákveðnum hópi manna til upplýsingar. Frágangur allur og ritháttur á þessum síðastnefndu bréfum hafi verið allur annar en á bréfunum til Skúla, en auk þess liggi munur í því, að bréf þessi hafi verið stíluð til ákveðins hóps manna, en ekki til einstaklinga.

Í aðiljaskýrslunni er þess getið, að Hjalti hafi gefið leyfi til þess að sýna vissum félagsmönnum SÍÁ-félagsskaparins efni a. m. k. sumra bréfanna. Hafi þá nokkur afrit verið tekin af frumritinu og síðan send á ýmsa staði, og urðu menn síðan að kynna sér sjálfir efni afritanna. Annars kvaðst hann ekki vita, hvernig afrit þessi hafi dreifzt. Hann taldi, að SÍÁ-félögin hefðu verið fjölmennust í Austur-Þýzkalandi og í Reykjavík, en að öðru leyti heldur fá að höfðatölu. Aldrei hafi verið um það rætt, að bréfin yrðu fjölrituð á vegum þeirra SÍÁ-manna.

Hann sagði, að fyrsta opinbera birtingin hefði farið fram í Morgunblaðinu og ef til vill einnig í Vísi. Kvað hann sig minna, að það hafi einkum verið bréf Skúla, sem þar hafi birzt, og ef til vill eitthvað af sínum. Að því er sig varði, hafi birtingin farið fram í fullkomnu óleyfi.

Hjalti taldi, að hann hefði fyrst orðið þess var, að brotinn hefði verið á sér réttur, þegar skrifin hafi birzt í Morgunblaðinu, svo sem áður greinir, en þá hafi fyrst tekið steininn úr, þegar bréfin hafi komið út í bókarformi, þ. e. „Rauðu bókinni“. Kvaðst hann ekki hafa vitað, að bók þessi væri í undirbúningi.

Hann kvaðst ekki vita til þess, að bréfin hefðu komizt til vitundar manna utan samtaka SÍÁ, áður en þau voru birt opinberlega. SÍÁ-félagsskapurinn hafi enga heimild haft til þess að gefa út bréf þau, sem hér um ræðir, án leyfis höfundar, jafnvel þótt þau hafi þá verið orðin kunn innan viss hóps félagsmanna. Hann sagði, að tímarit hafi verið gefið út á vegum SÍÁ-félagsskaparins, sem Vandí nefndist. Hafi það komið út í takmörkuðu upplagi, en út af fyrir sig ekki verið neitt trúnaðarmál. Þar hafi einstakir menn ritað sögur og greinar alveg út af fyrir sig, en ekki fyrir SÍÁ. Sagði hann, að umrædd bréf hefðu aldrei birzt í þessu riti né heldur efni þeirra.

Stefnandi Hjörleifur Guttormsson gaf aðiljaskýrslu hér fyrir dómi 4. desember 1967. Hann skýrði svo frá, að samtök SÍÁ-manna hafi verið stofnuð á árinu 1958 í Þýzkalandi og á Íslandi. Hann sagðist hafa verið formaður félagssamtaða þessara frá upp-

hafi og fram til 1962. Félagssamtökin hafi verið upp byggð þannig, að félagar gátu verið íslenzkir námsmenn, sem stunduðu nám austan jarntjalds. Stofnendur hafi verið um 15 í upphafi, en síðan hafi fleiri bætt í hópinn og hafi félagatalan verið allt upp í 30. Félagasamtökin hafi ekki verið til á Íslandi, nema hvað heimilt var, í takmarkaðan tíma, fyrir þá námsmenn, sem komu frá námi frá löndum austan jarntjalds, að vera í félaginu. Sjálfur kvaðst hann hafa verið við nám í Leipzig á árunum 1956—1962. Félagið hafi starfrækt deildir undir stjórn ýmissa félagsmanna í ýmsum löndum, en stjórn hafi ekki verið, heldur aðeins formaður. Félagið hafi haft sérstök skráð lög, sem hafi einkum kveðið á um inngöngu og markmið félagsins.

Hjörleifur skýrði svo frá, að skýrslur eða bréf, sem birtust í „Rauðu bókinni“ og hann taldi sig höfund að, hafi hann samið á árunum 1958—1961. Spanni þessi hugverk sín um 85 bls. í „Rauðu bókinni“. Bréf þau, sem hann sagðist hafa skrifað, hafi gengið á milli nokkurra félagsmanna og hafi þau yfirleitt verið stíluð til sambandsmanna í hverju landi, en formenn hafi svo haft heimildir til þess að kynna þau öðrum félögum SÍA. Hann sagði, að ekki hefði verið til þess ætlazt, að bréfin færu út fyrir umræddan félagsskap. Gengið hafi verið út frá því, að skýrslur þessar færu ekki víðar, en auk þess hafi mörg bréfanna sjálf borið það með sér. Bréfin hafi af félagsmönnum oft verið kallaðar skýrslur, enda hafi mátt nota bréf þessi sem umræðugrundvöll meðal þeirra SÍA-manna. Ekki hafi verið neitt bundið við það, að hann einn skrifaði skýrslur, heldur gátu ýmsir aðrir gert það og hafi gert. Hann kvaðst ekki hafa heimilað birtingu á ofangreindum bréfum utan þess, sem nú hefur verið rakið, en þó hafi komið fram á einhverjum stöðum, að SÍA-félögum hafi verið heimilt að sýna sum bréfanna völdum mönnum, ef þeir teldu ástæðu til. Hann kvaðst ekki vita, hvort þeir SÍA-félagar hafi sýnt einhverjum mönnum utan félagsins bréf þessi, en hafi svo verið, þá hafi það ekki verið með sinni heimild utan þess, sem áður er sagt.

Sérstaklega aðspurður sagðist Hjörleifur telja sín hugverk þau bréf og skýrslur, sem hann hafi samið, undirritað og sent frá sér. Stefndandi Hjörleifur kvað meginefni hugverka sinna vera að finna í „Rauðu bókinni“ á bls. 45—55, 124—127, 214—217, 220—224, 242—250, 255—256 og auk þess að fjórða hluta á bls. 27—44. Hann tók fram, að við þetta væri þó að athuga, að í textanum væru millifyrirsagnir og skýringar og oft úrfellingar,

sem leiddu til rangfærslna, þannig að ekki væri unnt fyrir lesanda að greina á milli, hvað sé efni bréfanna og hvað ekki.

Að því er varðaði bls. 139—146 í „Rauðu bókinni“, þá væri sá kafli tekinn upp úr gagni, sem lagt hefði verið fram á flokksþingi Sósíalistaflokksins, og kvaðst Hjörleifur hafa ritað þennan kafla í einkabréf, sem hann hafi sent. Taldi hann, að brotinn hafi verið á sér réttur í sambandi við birtingu bréfsins, að því er síðastgreint atriði varðaði.

Þá lýsti Hjörleifur því, að á bls. 124—177 í „Rauðu bókinni“ væri á ýmsum stöðum að finna úttektir af ræðum manna á áður nefndu flokksþingi og gæti virzt við fyrsta augnakast, að úttektir þessar væru ritaðar eftir ákveðnu gagni. Þessu væri þó ekki þannig farið, heldur kvaðst Hjörleifur sjálfur hafa setið flokksþingið og hafa útfært þessar ræður og framsett á eigin ábyrgð og frá sínu eigin sjónarhorni. Taldi hann því þessa þætti sín hugverk. Hjörleifur taldi, að bréfið, sem var birt á bls. 27—44 í „Rauðu bókinni“, væri nokkuð sér á parti, en þar væri um að ræða einkabréf sitt og fleiri til Einars Olgeirssonar.

Þá vikur stefnandi Hjörleifur að því í aðiljaskýrslu sinni, að í inngöngum og milliköflum í „Rauðu bókinni“ sé einnig oft vitnað í bréf sín og annarra. Benti hann í þessu sambandi á innganginn á bls. 9 og bls. 95 og áfram. Þar á ofan sagði hann, að á ýmsum stöðum í bókinni komi fram ærumeiðingar af verstu tegund gegn höfundum bréfanna. Benti hann á nokkur dæmi til stuðnings máli sínu að þessu leyti.

Hann sagði sérstaklega aðspurður, að einn af meginþáttum í starfsemi félagsins hafi verið bréfaskipti milli félagsmanna um ýmis málefni. Þess hafi ekki verið krafizt, að félagsmenn tækju þátt í bréfaskriftum þessum, en hins vegar hafi verið óskað eftir því.

Hjörleifur kvað það hafa verið í öndverðum maí 1962, sem honum hafi borizt til eyrna í bréfum, að Morgunblaðið hafi hafið birtingu á þáttum í umræddum bréfum. Sjálfur kveðst hann hafa verið við nám erlendis á þessum tíma og því ekki getað leitað réttar síns. Um það bil ári síðar hafi „Rauða bókin“ komið út, en þá hafi hann enn verið erlendis og ekki komið heim fyrr en í ágúst 1963. Kvaðst hann þá strax hafa gert reka að því að leita réttar síns. Hann sagðist hafa frétt af útkomu „Rauðu bókarrinnar“, en sér hefði ekki borizt hún í hendur fyrr en eftir heimkomu. Hann kvaðst telja, að umrædd bréf hafi öll horfið úr

vörzlum Skúla Magnússonar, þ. e. þau bréf, sem „Rauða bókin“ sé byggð á.

Stefnandi Skúli Magnússon hefur gefið skýrslu fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu. Auk þess hefur verið lögð fram óformleg aðiljaskýrsla í máli þessu, sem þó hefur verið tekin gild sem staðfest væri.

Hann kvaðst hafa stundað nám í Peking á árunum 1957—1961 samfleytt. Hann kvað nokkra íslenska stúdenta, sem við nám hafi verið í Kína, Rússlandi, Ungverjalandi, Austur-Þýzkalandi, Tékkóslóvakíu og um tíma í Póllandi, hafa á þessum árum haft samband sín á milli og ritað bréf stjórnmálalegs efnis. Hafi bréf þessi verið vélrituð í allt að fimm eintökum og send á nokkra staði. Kvaðst hann hafa átt eintak af öllum þessum bréfum. Hann kvaðst hafa komið heim til Íslands frá námi í júnímánuði 1961. Snemma árs 1962 hafi birzt í Morgunblaðinu ýmis einkabréf sín og nokkurra námsfélaga sinna, þ. á m. stefnenda máls þessa. Árið eftir hafi Heimdallur, F. U. S., gefið þessi gögn út í bókarformi. Hafi þetta allt verið gert án sinnar vitundar og andstætt vilja sínum, enda kveðst Skúli telja sig eiga höfundarrétt og einkarétt á útgáfu þeirra kafla bókarinnar, sem sig varði.

Hann kveðst hafa kynnt sér aðiljaskýrslur þeirra Hjalta Kristgeirssonar og Hjörleifs Guttormssonar í þinghaldi 28. september og 4. desember 1967. Taldi hann vera satt og rétt frá skýrt, að því er hann bezt vissi. Hann sagðist vilja leggja áherzlu á, að bréf þau, sem birt séu og hann hafi samið, séu einkabréf frá sér til Hjalta Kristgeirssonar.

Hann kveður sér ekki vera unnt að segja til um það nákvæmlega, að hve miklu leyti hann geti beinlínis talizt höfundur bókarinnar. Þó sé á bls. 61—62 birt bréf, sem hann hafi sjálfur samið og undirritað eigin hendi. Sama sé að segja um bréfið á bls. 66—74, en alls sé sín sérstaklega getað á 18 stöðum í bókinni.

Í þinghaldi þann 28. september 1967 var m. a. skorað á formann stefnda að koma fyrir dóm og gefa aðiljaskýrslu.

Þeirri áskorun hefur þó ekki verið sinnt.

3.0.

3.1. Stefnendur hafa bent á það máli sínu til stuðnings, að stefndi hafi heimildarlaust birt einkabréf stefnenda, sem þeir síðarnefndu hafi einir átt einkarétt og prentarétt að. Stefndi hafi komizt yfir bréfin með refsiverðum hætti, undirbúið birtingu þeirra með leynd og án vitundar stefnenda. Stefndi hafi látið

gera formála og inngang að ritinu, látið skipta því í kafla, setja millifyrirsagnir o. fl. og yfirleitt sé bókin þannig úr garði gerð, að lesandi hennar eigi mjög erfitt með að átta sig á, ef ekki ómögulegt, hvað af efni hennar sé raunverulega frá stefnendum runnið og hvað frá útgefanda. Stefnendur telja ekki orka tvímælis, að tilgangurinn með birtingu bréfanna í hinni brengluðu, afbökuðu og rangfærðu útgáfu stefnda hafi verið sá að meiða æru stefnenda og svarta í augum almennings.

Stefnendur hafa lýst því yfir, að þeir reki mál þetta í sameiningu og hyggist skipta tildæmdum fjárhæðum jafnt á milli sín. Það efni bókarinnar, sem þeir telja til höfundarréttar yfir, segja þeir á milli $\frac{1}{3}$ — $\frac{1}{2}$ af efni allrar bókarinnar.

Krafa stefnenda til höfundarlauna er studd við 18. gr. laga nr. 13/1905 og framangreind sjónarmið. Þar sem stefndi hafi ekki leitað fyrirfram samkomulags við stefnendur um birtingu bréfanna eða þóknun fyrir útgáfuréttinn, telja stefnendur sig sjálfa hafa heimild til að ákveða fjárhæð þessarar kröfu.

Krafa stefnenda um miskabætur er byggð á 264. gr. laga nr. 19/1940. Stefnendur telja ekki orka tvímælis, að hér sé um að ræða meingerð gegn persónu þeirra, friði og æru, drýgða af illfýsi. Fjárhæðina sjálfa telja þeir mjög í hóf stillt.

Kröfu um upptöku telja stefnendur hafa stoð í 17. gr. laga nr. 13/1905, en refsikrafan sé byggð á 18. gr. laga nr. 13/1905 og 228. gr. og 229. gr. og 234. gr. laga nr. 19/1940.

Krafa stefnenda um, að dæmd verði hæfileg fjárhæð þeim til handa til þess að standast kostnað af birtingu dóms o. fl. í öllum dagblöðum Reykjavíkur, telja þeir hafa stoð í 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

3.2. Varnir stefnda eru í fyrsta lagi byggðar á því, að um sé að ræða sjálfstætt rit, sem stefndi hafi búið til prentunar á eigin ábyrgð með söfnun efnis, samningu og niðurröðun. Í samræmi við tilgang ritsins hafi útgefandi ritað ítarlegan formála og skýringar á öllu aðfengnu efni, sem birt sé í ritinu, raðað því niður á skipulegan hátt og leitast við að draga fram kjarna málsins í hinum ýmsu þáttum þess. Gefi þetta allt bókinni sjálfstætt gildi langt umfram það, sem felist í hinu aðfengna efni einu saman. Útgáfustarf stefnda, efnisval, efnisskipun, kaflaskipting og gerð millifyrirsagna, leturbreytingar og áherzla, ritun skýringa, efnisyfirlit o. s. frv. leiði eitt sér til þess, að höfundar og útgáfuréttur að ritinu í heild sinni hafi fallið stefnda í skaut samkvæmt 3. gr. laga nr. 13/1905.

Í öðru lagi er á það bent, að ritið sé gefið út í sérstökum tilgangi, sem sé þeim að rannsaka og skýra eðli hins alþjóðlega kommúnisma og orsakir þeirrar harðstjórnar, sem jafnan hafi fylgt í kjölfar hans. Jafnframt sé leitast við að varpa ljósi á þær afleiðingar, sem eðli þessarar þjóðmálastefnu hafi fyrir starfsemi hinna íslensku áhangenda hennar, sundrunu þá og erfiðleika, sem þeir eigi við að stríða í baráttu fyrir málstaðinn, og loks uppeldisáhrif stefnunnar á æskumenn þá, sem sækja vilja menntun og frama í þau lönd, þar sem hún ræður ríkjum. Sem slík hafi bókin sérstætt gildi og sé samkvæmt aðalefni sínu fullkomlega sjálfstæð. Svo sem heiti bókarinnar beri með sér, sé hún að miklu leyti byggð á hinum margvíslegu skýrslum stjórnmalalegs efnis, sem dreift hafi verið á sínum tíma af Sósíalista-rélagi Íslendinga austantjalds, SÍA, meðal félagsmanna sinna og annarra. Að sjálfsögðu sé hér um að ræða eðlilega notkun þessara heimilda, sem telja verði fullkomlega leyfilega samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. laga nr. 13/1905, enda sé fjallað um þær af hlutlægni og þess jafnan gætt að tilgreina heimild þessa svo skilmerkilega sem unnt hafi verið hverju sinni. Auk þess verði að benda á, að þessar sömu heimildir hafi þegar verið birtar opinberlega í Morgunblaðinu sem stjórnmalagreinar að öllu verulegu leyti.

Í þriðja lagi viku stefndi að því, að aðfengið efni ritsins stafi frá félagsskap, sem eigi væntanlega sjálfstæða aðild, þ. e. samtökum SÍA. Ekki sé að sjá af tiltækum heimildum, að félag þetta hafi skort hæfi til að eiga réttindi eða bera skyldur, sízt varðandi eigin skýrslur og fundargerðir. Á þeim tíma, sem hér skipti máli, hafi félagið virzt hafa sérstök lög, haldið reglulega aðalfundi, skipað stjórn, starfrækt deildir undir stjórn sambandsmanna í ýmsum löndum og gefið út málagn. Jafnframt hafi það haft vald til þess að aga félagsmenn og krefja þá skýrslugerðar. Skýrslur þær, sem stuðzt sé við í ritinu, teljist standa fyrir félagið í nafni þess. Verði ekki ætlað, að einstakir félagsmenn eigi rétt yfir þeim, höfundarréttarlegs eða annars eðlis, hvorki stefnendur né aðrir.

Í fjórða lagi rekur stefndi það, að umræddar skýrslur hafi að mestu leyti verið birtar í Morgunblaðinu í Reykjavík, um það bil ári áður en ritið hafi komið út. Á þeim tíma hafi enginn gert tilkall til þess efnis, sem í þeim hafi falizt, né amast við birtingu þeirra. Stefndi hafi fengið skýrslurnar að láni hjá Morgunblaðinu og hafi enga ástæðu haft til að ætla, að bornar yrðu

brigður á heimild hans til notkunar á skýrslunum með þeim hætti, sem gert hafi verið í ritinu. Megi hér minna á það, að tilgangur ritsins hafi og sé að láta í té hlutlæga rannsókn og fræðslu um stjórn mála efnis. Stefnendur hafi gerzt sekir um stórfellt aðgerðarleysi í þessu efni. Þeir hafi ekki hreyft kröfum sínum við stefnda, fyrr en 6 mánuðum eftir að ritið hafi komið út og fullt ár hafi liðið frá útgáfu ritsins, þar til málið hafi verið höfðað. Hafi ritið þó verið rækilega auglýst í blöðum og útvarpi, þannig að ástæða sé til að ætla, að málshöfðunarréttur stefnenda sé fyrndur samkvæmt 26. gr. laga nr. 19/1905.

Varðandi einstaka kröfuliði tekur stefndi fram, að sýknukrafan vegna höfundarlauna sé reist á því, að hann hafi ekki brotið gegn höfundarrétti stefnenda, svo og á því, að stefnendur skorti alla aðild um sókn sakar, jafnvel þótt útgáfa ritsins væri talin brjóta í bága við þau lagaákvæði, sem stefnendur hafi borið fyrir sig. Loks er kröfunni mótmælt sem fyrndri.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að hann hafi enga ástæðu haft til að ætla, að vefengd yrði heimild stefnda til að nota í bókinni skýrslur þær, sem hann hafi fengið að láni hjá Morgunblaðinu í þessu skyni.

Varðandi kröfu stefnenda um upptöku tekur stefndi fram, að sýknuástæður um þennan kröfulið séu þær sömu og um kröfu stefnenda til höfundarlauna. Varðandi upptökukröfu þessa sé þess þó jafnframt að gæta, að stefndi eigi eignarrétt að ritinu í heild. Í annan stað verði að benda á það, að máli þessu sé stefnt gegn stefnda einum. Er því mótmælt, að unnt sé að kveða upp úrskurð í málinu, sem bindandi sé fyrir aðra eigendur eintaka af bókinni eða áhalda við prentun hennar, nema þeir séu jafnframt dregnir inn í málið.

Varðandi refsikröfuna er bent á, að enginn af aðstandendum ritsins hafi unnið sér til refsingar. Það eigi hér einnig við, sem sagt sé um aðildarskort og fyrningu málssóknar. Enn fremur sé á það að benda til viðbótar, að stefndi sé ópersónulegur aðili, sem ekki verði dæmdur til refsingar samkvæmt þessu ákvæði fremur en öðrum refsifyrirmælum íslenzkra laga.

Kröfur stefnenda um refingu á hendur stefnda samkvæmt XXV. kafla laga nr. 19/1940 telur stefndi einnig fjarstæðar. Sé þess sérstaklega að gæta, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 29. gr. almennra hegningarlaga sé út runninn.

Stefndi krefst sérstaklega sýknu af kröfum stefnenda um miskabætur. Sýknukrafan er fyrst og fremst byggð á því, að stefn-

endur hafi ekki orðið fyrir neinni réttarröskun í þessu máli, sem miskabótakrafa geti risið af, og að þeir hafi yfirleitt engan miska beðið af útgáfu bókarinnar. Tilgangur stefnda með birtingu ritsins hafi hvorki verið að meiða æru stefnenda né svarta þá í augum almennings, enda hafi útgáfa þess síður en svo verið sprottin af illfúsum hvötum í garð stefnenda. Auk þess telur stefndi, að þar sem hann sé ópersónulegur aðili, geti hann ekki talizt bótaskyldur vegna meingerðar, sem starfsmenn hans kunna að drýgja af illfýsi einni saman.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnenda um greiðslu dómsbirtingarkostnaðar samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga þegar af þeirri ástæðu, að honum sé ekki stefnt fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garð stefnenda né til ómerkingar ummæla, enda ekki efni til slíkrar kröfugerðar.

4.0.

4.1. Hin framlagða bók, „Rauða bókin“, er 274 bls. að stærð og er sögð útgefin 30. maí 1963 af hinu stefnda félagi. Efni það í bókinni, sem stefnendur telja til réttar yfir og átelja í máli þessu, tekur yfir nokkra tugi blaðsíðna.

Sýnist einkum vera um að ræða einkabréf, sem síðan hafi verið kynnt aðallega vissum félagsmönnum SÍA-samtakanna, og svonefndar skýrslur, en efni þeirra var notað sem umræðugrundvöllur milli félaga áðurgreindra samtaka.

Í báðum tilvikum er einkum um að ræða hugleiðingar um pólitísk málefni og lýsingu á tilteknu ástandi og atburðum. Oftast er stefnenda getið í bókinni sjálfri sem semjenda tiltekinna bréfa eða skýrslna. Ljóst er þó af aðiljaskýrslum stefnenda og málflutningi þeirra hér fyrir dómi, að þeir leita réttar síns út af meira efni en þannig er tilgreint.

Stundum hefur einstökum köflum verið sleppt úr bréfum eða skýrslum stefnenda, þegar þau eru rakin í bókinni, og ljóst er af formálsorðum bókarinnar, að millifyrirsagnir, leturbreytingar og leiðréttingar eru settar og gerðar í bréfin eða skýrslurnar af útgefanda bókarinnar.

Loks má geta þess, að bókin sjálf vísar til fleiri en stefnenda máls þessa sem hugsanlegra semjenda tiltekinna skýrslna og stundum þannig, að fleiri en einn hafi samið tiltekið efni. Talhverður hluti bókarinnar er svonefndur inngangur. Verður eigi annað séð en að útgefandi hafi sjálfur tekið hann saman ásamt öðru efni, sem eigi verður rakið hér.

4.2. Stefnendur hafa eigi tilgreint nákvæmlega og afmarkað það efni bókarinnar, sem þeir telja til höfundarréttar yfir og leita réttar síns út af í máli þessu.

Slík afmörgun sakarefnis var réttarfarsleg nauðsyn og þurfti að liggja ljós fyrir þegar í upphafi málsins samkvæmt 88. gr. og grunnreglunni í 105. gr. laga nr. 85/1936.

Brot stefnenda á framangreindu leiðir eitt sér og án kröfu til frávisunar málsins í heild sinni.

Líkur benda til, að fleiri séu semjendur efnis, sem bókin hefur að geyma, en stefnendur máls þessa. Hefði verið eðlilegra að gefa þeim kost á að gæta réttar síns í málinu. Réttur eins stefnenda gæti takmarkast af rétti annarra sameigenda að vissu efni bókarinnar. Hefði þurft að hafa það í huga við málssóknina.

Einstökum kröfuliðum er einnig áfátt.

Að vísu þykir sýnt, að höfundarréttur hafi verið brotinn á stefnendum máls þessa að einhverju leyti. Á hinn bóginn hefur eigi nægjanlega verið sýnt fram á þau sjónarmið, sem slík krafa þarf að byggjast á, og afla hefði átt frekari gagna um fjárhæð þeirrar kröfu, ef því var að skipta.

Stefnendur telja bótaskylda meingerð og refsiverðan verknað hafa verið framinn gagnvart sér. Bótaskyldan er talin byggjast á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hinn refsiverði verknaður brot á 18. gr. laga nr. 13/1905 og 228. gr. og 229. gr. og 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigi er á fullnægjandi hátt tilgreindur sá verknaður, sem krafa út af þessum brotum byggist á. Af því leiðir, að þau atvik, sem kröfur af þessu tilefni eru reistar á, eru mjög óglögg.

Krafa stefnenda til upptöku ýmissa muna er reist á 17. gr. laga nr. 13/1905. Mjög skortir á, að þeir munir, sem stefnendur krefjast upptöku á, séu nægjanlega tilgreindir. Er krafan af þessum sökum ódómhæf.

Loks hefði verið rétt að tiltaka fjárhæð þeirrar kröfu, sem stefnendur telja sér nægja til að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans og forsendna.

Í samræmi við framanritað verður að vísa málinu frá dómi, án kröfu, vegna ófullnægjandi málatilbúnaðar.

Eftir atvikum er þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni og Gauki Jörundssyni prófessor.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Priðjudaginn 26. janúar 1971.

Nr. 227/1970. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

gegn

Bjarna Kristjánssyni og Vilhjálmi

Lúðvíkssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Þóknun matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. nóvember 1970, sem barst Hæstarétti 30. desember s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 12. október 1970, þar sem þóknun varnaraðilja fyrir matsstörf var ákveðin kr. 150.000.00 til hvors þeirra. Sóknaraðili fékk eigi vitneskju um hinn kærða úrskurð fyrr en í nóvemberbyrjun 1970. Krefst sóknaraðili verulegrar lækkunar þessarar fjárhæðar og kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar, sem eigi hafa gagnkært, gera þær dómkröfur, að reikningur þeirra um matsþóknun, kr. 225.000.00 til hvors þeirra, verði tekinn til greina að fullu. Þá krefjast þeir og hvor 8% ársvaxta af kr. 165.000.00 frá 1. janúar 1970 til greiðsludags. Loks gera þeir kröfu um kærumálskostnað úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann, en rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.